

Fundargerð – Fyrsti fundur nýrrar stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla

Mávahlíð 42 og Google Meet, 6. október 2021

Mætt:

- Eygló Svala Arnarsdóttir (sitjandi ritari)
- Klara Geirsdóttir (sitjandi gjaldkeri)
- Hallfríður Brynjólfsson (sitjandi meðstjórnandi)
- Þórey Björk Sigurðardóttir (skólaráðsfulltrúi)
- Elín Ósk Hjartardóttir
- Íris E. Gísladóttir
- Kjartan Vífill Iversen
- Berglind Rögnvaldsdóttir
- Jóhanna Björk Gísladóttir
- (Guðmundur) Andri Hjálmarsson
- Bára Brynjólfsson (rafræn)

Fjarverandi:

- Veronika Snædal
- Þorsteinn V. Einarsson (heima með veiku barni)

Dagskrá:

1. Verklag
2. Skólaráð
3. Verkaskipting
4. Helstu verkefni og nefndir
5. Önnur mál

Allir kynna sig.

1. Verklag

Rætt var um nauðsyn þess að einhverjir í stjórn myndu sitja lengur en í eitt ár í senn til þess að ekki væri algjör endurnýjun stjórnarmeðlima að hausti. Það er erfitt fyrir nýja stjórn að byrja frá núlli. Eygló, Halla og Klara eru nú á þriðja ári í stjórn. Það kemur ekkert fram í samþykktum foreldrafélagsins um slíkt fyrirkomulag en mætti e.t.v. ræða breytingar fyrir næsta aðalfund. Í skólaráði sitja fulltrúar í tvö ár í senn þannig að þegar nýr aðili kemur inn er hinn á sínu öðru ári.

Á síðasta starfsári bjó stjórnin til nefndir um mikilvæg verkefni og gat þá hver og einn starfað í þeirri nefnd sem hann/hún hafði mestan áhuga á. Þetta reyndist vel því þetta var bæði skemmtilegt og minnkaði vinnuálag.

2. Skólaráð

Rætt er um muninn á foreldrafélagi og skólaráði. Allir foreldrar eru í foreldrafélaginu og stjórn er kosin á aðalfundi sem heldur utan um skipulag starfs foreldrafélagsins, fræðsluerindi, viðburði fyrir nemendur, o.fl. Í skólaráði sitja tveir fulltrúar foreldra (og annar þeirra er einnig í foreldrafélaginu), auk skólastjóra, tveimur kennurum, skólaliða, tveimur nemendum úr nemendaráði og fulltrúa grenndarsamfélags. Skólaráðsfulltrúar geta lagt formleg erindi fram. Ráðin hefur verið manneskja sem á að sjá um upplýsingagjöf sem er ný staða við skólann.

Þórey, sem er nýr fulltrúi foreldra í skólaráði, segir frá fyrsta stjórnarráðsfundi sem gekk vel. Nú er aðili frá Val í skólaráði sem fulltrúi grenndarsamfélagsins. Á fundinum komu m.a. sundmálin upp og rætt var um að færa sundtíma frammar í stundaskrána hjá unglingum vegna dræmrar mætingar, sérstaklega hjá stúlkum.

3. Verkaskipting

Klara býðst til þess að vera áfram gjaldkeri og Eygló ritari. Íris tekur að sér að vera formaður og Andri varaformaður. Þórey er skólaráðsfulltrúi. Berglind, Kjartan, Elín og Jóhanna eru meðstjórnendur og Halla, Bára og Þorsteinn í varastjórn.

Ákveðið var að formaður, varaformaður og ritari fengju aðgang að netfangi foreldrafélagsins og myndu taka ákvörðun sín á milli um það hver myndi sjá um að skoða póstinn og svara erindum.

4. Helstu verkefni og nefndir

Hausthátíðarnefnd: Við fengum styrk frá Hverfissjóði til að halda vorhátíð, sem ekki var haldin vegna fjöldatakmarkana, en fengum að halda styrknum til þess að halda hausthátíð í staðinn. Ákveðið var að stefna að því að halda hátíðina laugardaginn 30. október og tengja hana hrekkjavökunni. Eygló bauðst til þess að vera í hátíðarnefnd. Búið var að fá vilyrði fyrir skóla til að halda hátíðina, en ræða þarf þessa dagsetningu sérstaklega við skólastjórnendur (og segja frá nýrri stjórn).

Bekkjarfulltrúar: Mikilvægt er að skipa bekkjarfulltrúa til þess að þeir geti hjálpað til við skipulagningu og biðja skólastjóra, deildarstjóra og umsjónarkennara að skipa þá skv. nýja fyrirkomulaginu sem öllum leist vel á (eftir stafrófsröð, t.d. tveir fyrstu og síðustu) í eina önn í senn þannig að allir þurfi að taka þátt. Þórey baust til að hafa samband vegna þessa (hún þekkir kerfið).

Fræðslunefnd: Halla og Klara eru í fræðslunefnd og buðust til að halda þeirri vinnu áfram. Búið er að halda fyrsta fund með fulltrúum frá skóla. Það stendur til að koma upp föstu fræðsluskipulagi í samstarfi við skólann, t.d. varðandi það hvaða bekkir fái hvaða fræðslu. Sérstök ánægja hefur verið með kynfræðslu og hafa nemendur óskað eftir því að hún byrji fyrr. Þorsteinn var ekki viðstaddur en lét vita eftir á að hann væri tilbúinn til að starfa með fræðslunefnd.

Óskilamunanevnd: Þorbjörg úr fyrri stjórn fór fyrir henni og er tilbúin til þess að halda vinnunni áfram.

Skólalóðanefnd: Lena, fyrrverandi formaður, fór fyrir þeirri nefnd og er tilbúin til að halda vinnunni áfram.

Upplýsingatækninefnd/Mentor: Kjartan og Bára voru tilbúin til að skoða þau mál. Foreldrar og kennarar virðast eiga erfitt með að átta sig á Mentor, fyrirkomulagi og tilgangi.

Nefnd sem býður nýja foreldra velkomna í skólann/upplýsingablað: Elín er til í að taka þetta að sér. Lena á drög að upplýsingablaði frá því í fyrra. Þar gæti t.d. komið fram hverjar reglur skólans séu í sambandi við agamál og samskipti, kort af skólanum (hvar er aðalinngangur), leiðbeiningar varðandi fyrirkomulag uppbrotsdaga, skertra daga, SMT-daga, o.s.frv.

Undirbúningsnefnd fyrir símalausan skóla: Pórey og Halla bjóða sig fram í hana. Tekin hefur verið ákvörðun um að Hlíðaskóli verði símalaus skóli og á aðlögun að fara fram í sátt við nemendur. Foreldrafélagið studdi fræðsluáttak í fyrra ásamt öðrum skólum og verið er að vinna í því að koma kynningarmyndbandi í sýningu á RÚV.

Sundnefnd: Íris býður sig fram. Hún nefnir að e.t.v. væri skilvirkara að hafa lengri sundtíma aðra hverja viku í staðinn fyrir stuttan tíma vikulega og enginn tími til að hafa sig til eftir sturtu. (Eirný, fyrrverandi skólaráðsfulltrúi, gæti haft áhuga á þessari nefnd.)

Aðrar nefndir sem gætu gagnast nemendum og foreldrar hafa lýst áhuga á eru m.a. nefnd um heimanám/aðstoð við heimanám (hugmynd kom upp um að fá ömmur og afa til að aðstoða þá í skólanum sem ekki fá aðstoð heima), námsmat, skólarölt, börn af erlendum uppruna, mötuneyti, o.fl.

Rætt var að klára það í gegnum tölvu að skipa í nefndir.

Íris leggur til að gera könnun á því hvernig nefndir foreldrar myndu vilja sjá og hvetja þá þannig til að taka þátt. Það kostar ekkert að gera Google könnun.

3. Önnur mál

Láta þarf skrifstofu vita af nýrri stórn og óska eftir aðgang að Mentor-kerfi fyrir formann. Eygló og Íris ætla að skoða það, senda Berglindi og síðan foreldrum tölvupóst um nýja stjórn.

Varðandi fyrirkomulag funda var rætt að það henti ágætlega að funda með Berglindi (rafrænt) kl. 8:30-9 á morgnana eins og verið hefur en að foreldrafélagið fundi á kvöldin.

Foreldrafélagið hefur notað Slack til samskipta sem gafst vel og áhugi var á því að halda því áfram – bjóða þarf nýjum stjórnarmeðlimum í Slack.

Fundi slitið.

Fundargerð hefur verið samþykkt rafrænt.